

10 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Stúdentasjóð Menntaskólans á Ak-
28. jan. ureyri, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. janúar 1958.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Stúdentasjóð Menntaskólans á Akureyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Stúdentasjóður Menntaskólans á Akureyri og er stofnaður af Vernharði Þorsteinssyni, menntaskólakennara. Sjóðurinn er tileinkaður stúdentum, sem brautskráðir eru frá Menntaskólanum á Akureyri á árunum 1928—1952.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur —, sem gefnar eru af stofnandanum með bréfi til Þórarins Björnssonar, skólameistara, dags. 7. júní 1957.

Sjóðurinn tekur við gjöfum frá öllum, sem vilja efla hann. Skylt er að ávaxta sjóðinn á sem tryggilegastan og arðvænlegastan hátt, t. d. í fasteign, ríkisskuldabréfum eða verðbréfum með vísitölutryggingu.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega stúdenta frá Menntaskólanum á Akureyri til náms við erlenda háskóla, einkum í þeim greinum, sem lítt eða ekki verða stundaðar við Háskóla Íslands. Styrkinn má nota bæði til byrjunarnáms og framhaldsnáms, allt eftir aðstæðum, að mati sjóðstjórnar.

Ef sjóðstjórnin telur ekki ástæðu til að veita stúdent styrkinn, getur hún styrkt einhver úr kennaraliði Menntaskólans á Akureyri til þess að kynna sér skólamál erlendis.

4. gr.

Vaxtatekjum sjóðsins skal verja þannig, að tvö ár í röð gangi þær óskiptar til eins stúdents eða tveggja, en næstu tvö árin á eftir leggjast þær óskiptar við höfuðstólinn.

Höfuðstólinn má aldrei skerða.

Þegar sjóðurinn hefur náð kr. 100000.00 — eitt hundrað þúsundum — getur stjórn hans, ef hún er sammála, ákveðið að breyta tilhögun og upphæð styrkveitinga. Ætíð verður þó að gæta þess, að styrkur sé nægilega hár, til þess að hann komi styrkþega að verulegum notum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn og einn til vara. Skólameistari Menntaskólans á Akureyri er jafnan sjálfkjörinn formaður sjóðstjórnar. Hina tvo stjórnarmenn, ásamt varamanni úr kennaraliði skólans, tilnefnir stofnandi, og skipa þeir stjórn sjóðsins, meðan þeir vilja og hafa aðstöðu til. Þegar þeir hverfa úr stjórn, skal kennarafundur Menntaskólans á Akureyri velja nýja menn í stjórnina úr hópi gamla nemenda skólans.

Stjórnin skal halda sérstaka gerðabók fyrir sjóðinn, og í hana skal skrá allar gerðir, er sjóðinn varða. Í hana skal og færa árlega reikninga sjóðsins. Stjórnin vinnur kauplaust, en kostnaður vegna reikningshalds má greiðast af vöxtum sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar endurskoðaðir af 10 tveimur kennurum Menntaskólans á Akureyri, kosnum á kennarafundi til 4 ára. 28. jan. Árlegir reikningar sjóðsins skulu birtir í skýrslu skólans.

Öll gögn sjóðsins skulu vera í vörzlu skólameistara, og skal hann annast allt reikningshald fyrir sjóðinn og greiðslur.

Auglýst skal eftir umsóknnum um styrk úr sjóðnum með þeim hætti, er skólameistari ákveður hverju sinni.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Menntaskólanum á Akureyri, 18. janúar 1958.

Vernharður Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

11

29. jan.

um breytingu á reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt nr. 147 30. des. 1955.

1. gr.

Í stað orðanna í 4. mgr. A-liðs 28. gr.:

Steinhús (af fasteignamati) 3%

Timburhús (af fasteignamati) 6%

komi:

Steinhús (af fasteignamati) 1%

Timburhús (af fasteignamati) 2%

2. gr.

Reglugerð þessi skal koma fyrst til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1958 af tekjum ársins 1957.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 46 frá 1954 og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 29. janúar 1958.

Eysteinn Jónsson.

Sigr. Klemenzson.